annar þeirra jafnframt vera formaður sjóðsstjórnar. Stjórnin skal annast framkvæmd jöfnunar flutningskostnaðar á sementi undir yfirstjórn viðskiptaráðherra, sem jafnframt sker úr ágreiningsatriðum, sem upp kunna að koma.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé það, sem á hverjum tíma er í sjóðnum, á sérstökum bankareikningi og er hún ábyrg fyrir sjóðnum gagnvart viðskiptaráðuneytinu. Ennfremur skal hún skila ráðuneytinu árlega endurskoðuðu uppgjöri yfir sjóðinn.

9. gr.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs úrskurðar, hvað teljast skuli flutningskostnaður, sbr. 4. gr. Er stjórninni meðal annars heimilt að ákveða, að jöfnun flutningskostnaðar milli tiltekinna verslunarstaða skuli takmörkuð við kostnað af þeim flutningsháttum, sem ódýrastir eru á hverjum tíma. Sömuleiðis skal stjórninni heimilt að synja um greiðslu tiltekins kostnaðar úr sjóðnum að hluta eða að fullu, ef um misnotkun á jöfnunarkerfinu sýnist vera að ræða í tilteknum viðskiptum.

Heimilt er viðskiptaráðuneytinu að fella niður flutningsjöfnunargjald á sementi, sem flutt er til landsins eða framleitt er innanlands og notað er til byggingar orkuvera eða annarra meiriháttar framkvæmda. Flutningsjöfnunarsjóður greiðir þá ekki flutningskostnað á sementi til þeirra nota.

10. gr.

Kostnaður við stjórn sjóðsins, skrifstofuhald og endurskoðun, greiðist af fé sjóðsins og skal þá tekið tillit til þess við ákvörðun flutningsjöfnunargjaldsins.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 62, 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 78 frá 1. apríl 1974, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, og reglugerð nr. 202 frá 30. maí 1975 um breyting á þeirri reglugerð.

Viðskiptaráðuneytið, 25. apríl 1982.

Tómas Árnason.

Yngvi Ólafsson.

Nr. 273. 27. maí 1982.

REGLUGERÐ

um iðgjöld atvinnurekenda til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1. gr.

Um gjaldskyldu.

Þeir aðilar sem hafa með höndum starfsemi samkvæmt 2. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. einnig 90. gr. þeirra laga, skulu greiða í ríkissjóð iðgjöld samkvæmt reglugerð þessari.

Undanskilin gjaldskyldu eru laun sjómanna, kafara og áhafna flugvéla sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1980.

Iðnmeistarar skulu greiða iðgjöld vegna iðnnema á samningi en iðnskólar vegna iðnnema sem ekki eru á samningi við meistara.

Gjaldskyldan nær til bænda vegna þeirra sjálfra, maka þeirra og barna 12—16 ára svo og til atvinnurekenda er starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum og skiptir ekki máli þó þeir undanskilji sig slysatryggingu með áritun á skattframtal.

2. gr.

Gjaldstofn.

Gjaldstofn iðgjalda gjaldskyldra aðila skv. 1. gr. skal ákvarðaður á sama hátt og gjaldstofn vegna iðgjalds til slysatrygginga skv. lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978 og reglugerðum, settum samkvæmt þeim lögum.

3. gr.

Gjaldstig.

Hundraðshluti iðgjalds á árinu 1982, vegna tekjuársins 1981, skal nema 0.0664 af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Um álagningu.

Iðgjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu lögð á af skattstjórum og færð á skattskrá.

5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu.

Iðgjöld skulu innheimt af þeim aðilum sem innheimta tekju- og eignarskatt og gilda ákvæði laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt um þau, þ.á m. um gjalddaga, dráttarvexti og lögtaksrétt.

Vinnueftirlit ríkisins innheimtir sjálft iðgjöld sem ríkissjóði ber að greiða.

6. gr.

Um ráðstöfun tekna af iðgjaldi.

Iðgjöld þau sem innheimt verða samkvæmt reglugerð þessari skulu renna til reksturs Vinnueftirlits ríkisins.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 77. gr. laga nr. 46/1980 öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 183/1981.

Félagsmálaráðuneytið, 27. maí 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.